

AUGLÝSING

96

31. maí

um sölu og útflutning á vörum.

Útflutningsnefnd sjávarafurða hættir störfum frá og með 1. júní 1960, sbr. 14. gr. laga nr. 30 27. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Jafnframt hefur verið ákveðið, samkvæmt heimild í 8. gr. sömu laga, (sbr. reglugerð, útgefna í dag, um sölu og útflutning á vörum), að leyfi útflutningsdeildar viðskiptamálaráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi.

Útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins veitir einnig leyfi til útflutnings á erlendum vörum og enn fremur íslenzkum afurðum og sýnishornum, sem ekki eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri. Gjafir og sýnishorn að verðmæti allt að 1000 krónum eru þó undanþegin leyfum.

Útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins mun fyrst um sinn hafa skrifstofu á Klapparstig 26, 4. hæð, þar sem útflutningsnefnd sjávarafurða hefur haft afgreiðslu.

Athygli skal vakin á því, að leyfisgjald samkvæmt eldri reglugerð (1%) hefur verið fellt niður frá og með 1. júní 1960.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finns- 97 sonar og Guðrún Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu, útgefin á 3. júní venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafs hreppstjóra Finnssonar frá Fellsenda og konu hans Guðrúnar Tómasdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eignum Finns Ólafssonar heildsala í Reykjavík til minningar um látna foreldra hans, Ólaf og Guðrúnu. Meðal annarra eigna d.b. Finns er hlutafé í h.f. Hvalur og jarðirnar Fellsendi og Svarfhóll í Miðdölum. Skal jörðin Fellsendi vera ævinlega eign sjóðsins. Hlutafé í h.f. Hvalur verður óseld eign sjóðsins fyrst um sinn, undir umráðum sjóðstjórnar.